



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/1037
komudagur 7.3.2002

Alþingi
Einar Farestveit
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 05.03.2002


Tilv. 023


HG/hj

Siglingastofnun vísar til bréfs yðar dags. 22. febrúar 2002, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um varnir gegn landbroti, 504. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpins, enda er það Landgræðslan sem fer með framkvæmd laganna undir yfirstjórn landbúnaðarráðuneytis. Hins vegar vill Siglingastofnun benda á ákvæði laga um sjóvarnir nr. 28/1997. Skv. 1. gr. laganna eru sjóvarnir varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Jafnframt er kveðið á um að Siglingastofnun fari með framkvæmd mála er varða sjóvarnir undir yfirstjórn samgönguráðherra. Í 2. gr. frumvarps til laga um varnir gegn landbroti er landbrot skilgreint sem jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi sjávar eða vatna. Hins vegar er í greinargerð ætíð talað um landbrot sem ágangur vatna getur valdið. Nauðsynlegt er að gæta þarna samræmis þannig að ljóst sé á hverra valdsviði er að fjalla um landbrot af völdum ágangs sjávar. Siglingastofnun leggur til að skilgreining á landbroti í 2. gr. frumvarps til laga um varnir gegn landbroti verði svohljóðandi: "*Landbrot*: Jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi vatna.

Virðingarfyllst,
f.h. Siglingastofnunar Íslands,


Hermann Guðjónsson,
forstjóri


Gísli Viggósson,
forstöðumaður hafnasviðs